

Anton Karl Ingason og Einar Freyr Sigurðsson

Um *af*-liði í ópersónulegri þolmynd

1 Inngangur

Setningafræðilegar formgerðir sem eru sjaldan notaðar geta verið erfiðar viðfangs fyrir málfræðinga.¹ Snúið getur verið að fá yfirsýn yfir notkun þeirra náttúrulegum gögnum nema verulega stórar og fullkomnar málheildir séu tiltækar og þar að auki er vel mögulegt að munur sé á málkerfi einstakra málhafa í atriðum þar sem börn á mál-tökuskeiði þurfa að byggja á rýru ílagi.

Þessi grein fjallar um það þegar svokallaðir *af*-liðir í íslensku eru notaðir til að nefna geranda í ópersónulegri þolmynd, þ.e. þolmynd áhrifslausra sagna og þolmynd sagna sem taka með sér forsetning-arlið. Þetta mynstur er sjaldgæft og stundum er sagt að það sé ekki fullkomlega eðlilegt í íslensku eða jafnvel ótækt. Eftirfarandi dæmi frá Halldóri Ármanni Sigurðssyni (1989:322, n. 48) er t.a.m. til marks um þetta viðhorf.

(1) Það var lesið (*af öllum) á kvöldin.

Þó þykja *af*-liðir í ópersónulegri þolmynd tækir í ýmsum öðrum málum, s.s. hollensku (2) og þýsku (3):

(2) Er wordt hier door de jonge lui veel gedanst.
það verður hér af ákv. gr. unga fólki mikið dansað
'Það er mikið dansað hér af unga fólkinu.'
(Perlmutter 1978:168)

¹ Við þökkum ónafngreindum ritrýnum fyrir gagnlegar athugasemdir, sem og ritstjóra, Ara Páli Kristinssyni.

- (3) Von mir wurde nicht gelacht.
af mér varð ekki hlegið
'Það var ekki hlegið af mér / Ég hló ekki.'
(Schäfer 2012:230)

Hovdhaugen (1977, tilvitnað eftir Áfarli 1992) telur *af*-liði í ópersónulegri þolmynd í norsku oft nokkuð óeðlilega en Áfarli (1992:28, n. 11) segir að þeir geti hins vegar ekki talist ótækir. Í (4a) er þetta sýnt fyrir samsetta þolmynd og í (4b) fyrir *s*-þolmynd (við glósum *-s* sem *-st*, sbr. hinn svipaða íslenska miðmyndarhengil).

- (4) a. ?Det blir telefonert av dei tilsette.
það verður hringt af ákv. gr. starfsmönnum
'Það verður hringt af starfsmönnum.'
b. ?Det telefonere-s av de ansatte.
það hringi-st af ákv. gr. starfsmönnum
(Áfarli 1992:28, n. 11)

Í sænsku eru *af*-liðir í ópersónulegri þolmynd ótækir en þess má geta að ópersónuleg þolmynd er aðeins möguleg í *s*-þolmynd en ekki í samsettri þolmynd (Engdahl 2006:38):

- (5) Det sjöng-s i ladorna (*af ungdommarna).
það söng-st í hlöðunum (*af ungdómnum)
'Það var sungið í hlöðunum (*af unga fólkinu).'
(Engdahl 2006:38)

Þá segir Siewierska (1984:100) að í ýmsum tungumálum séu *af*-liðir ótækir í ópersónulegri þolmynd og að öll mál, sem leyfi *af*-liði í ópersónulegri þolmynd, leyfi þá líka í persónulegri þolmynd.

Höfundar þessarar greinar eru sammála því að íslenska setningin í (1) er ekki sérlega góð með *af*-lið og það sama má segja um ýmis sambærileg dæmi sem nefnd hafa verið í fræðilegum skrifum. Aftur á móti er málið ekki svo einfalt að hægt sé að segja afdráttarlaust að *af*-liðir séu alltaf ótækir í ópersónulegri þolmynd (sbr. Áfarli 1992 um norsku). Þeir koma fyrir þó að þeir séu sjaldgæfir og þegar þeir eru notaðir þá liggur ekki beint við að tengja þá við einhvers konar mistök í ófullkominni málbeitingu. Skoðum t.d. dæmi (6) úr *Brekkukotsannál* (sjá einnig Hlíf Árnadóttur væntanl. sem sýnir þetta dæmi); feitltrun *af*-liða víða í greininni er okkar. Blaðsíðutöl í dæmum vísa í útgáfur sem getið er um í skrá um texta aftast í greininni.

- (6) Mér hefur verið sagt að borgað hafi verið undir konuna **af mormónum** [...] (bls. 8)

Dæmið er áhugavert að tvennu leyti. Í fyrsta lagi er varla hægt að hugsa sér meira erkidæmi um vandaða nútímaíslensku en skáldsögu eftir Halldór Laxness þannig að ekki er augljóslega hægt að skýra þennan *af*-lið sem mistök eða klúðurslega málnotkun – við ætlum a.m.k. ekki að setja slíka tilgátu fram. Í öðru lagi samræmist (6) okkar máltilfinningu vel þó að okkur þyki *af*-liðurinn í (1) ekki góður. Það bendir til þess að í okkar máli séu *af*-liðir stundum í lagi í ópersónulegri þolmynd og stundum ekki. Aðrir sem skrifað hafa um svona setningar hafa enda tekið missterkt til orða þegar slíkir liðir eru sagðir vondir eins og nánar verður vikið að hér að neðan.

Markmið okkar er annars vegar að sýna að þegar hægt er að leita í fullkomnum málheildum og á hinum gríðarstóra veraldarvef þá finnist þó nokkur dæmi um *af*-liði í ópersónulegri þolmynd sem eru a.m.k. tæk í máli okkar og viðkomandi málhafa og trúlega margra annarra. Hins vegar freistum við þess að nota dæmasafnið sem er til umfjöllunar sem innblástur til að skýra að einhverju leyti við hvaða aðstæður svona liðir eru eðlileg málnotkun þó að þeir séu það ekki að jafnaði.

Almennur boðskapur greinarinnar er að nútímaaðgangur að fullkomnum málheildum geti skipt máli þegar sjaldgæfar setningagerðir eru rannsakaðar jafnvel þó að endanlegt markmið sé að skýra málkunnáttu þeirra sem hafa íslensku að móðurmáli frekar en þá málbeitingu sem málheildirnar sýna. Málfræðingar eru í betri aðstöðu en áður til að fjalla um slíkar setningagerðir vegna þess að nú eru bæði til málheildir sem fela í sér ítarlega setningafræðilega greiningu eins og íslenski trjábankinn (Wallenberg o.fl. 2011) og gríðarstórar málheildir á borð við veraldarvefinn.

Kaflaskipan greinarinnar er sem hér segir. Í 2. kafla verður fjallað almennt um það þegar orðasambandið *af e-m* táknar geranda í hefðbundinni þolmynd og ópersónulegri þolmynd. Í 3. kafla er rætt um notkun málheilda og í 4. kafla er fjallað um ýmis dæmi um *af*-liði í ópersónulegri þolmynd í náttúrulegum gögnum. Í 5. kafla verður rætt um upplýsingaformgerð og þunga setningarliði og rök færð fyrir því að meiri líkur séu á því að gerandi birtist sem *af*-liður ef liðurinn felur í sér nýjar upplýsingar og/eða ef hann er langur. Greininni lýkur á niðurlagi í 6. kafla.

2 Orðasambandið *af e-m* í ópersónulegri þolmynd

Í íslenskri germynd er algengast að gerandi sé frumlag í nefnifalli og þolandi (eða þema) andlag í þolfalli. Í samsvarandi (hefðbundinni) þolmynd er þolandinn nefnifallsfrumlag og þá er ekki nauðsyn að geta gerandans. Hann getur þó komið fram sem valfrjáls *af*-liður. Svona víxl má sjá í dæmunum í (7) sem eru frá Jóhannesi Gísla Jónssyni (2005a:387).

- (7) a. Lögreglan handtók Sigurð (þf.).
b. Sigurður (nf.) var handtekinn (af lögreglunni).

Notkun *af*-liða virðist ekki eins tíð í íslensku og í ensku þar sem forsetningin *by* er notuð á sambærilegan hátt (sjá t.d. Maling 1987:7, n. 7). Enn fremur virðast *af*-liðir í íslensku stundum eðlilegri ef þeir vísa í fyrirtæki, skrifstofur o.s.frv. heldur en mannverur (Höskuldur Þráinsson 2007:272).² Til dæmis er nærtækara að túlka dæmi (7b) þannig að *lögreglan* vísi í stofnunina frekar en manneskju (þannig að hann, hún eða hán starfi hjá stofnuninni). Mennskir gerendur eru þó alls ekki útilokaðir í íslenskum *af*-liðum eins og eftirfarandi dæmi sýna (Höskuldur Þráinsson 2007:272–273; sjá einnig t.d. Maling og Sigríði Sigurjónsdóttur 2002:119).

- (8) a. Einhver nemandi var gripinn (af kennaranum).
b. Einhverjum nemanda var hjálpað (af kennaranum).
(Höskuldur Þráinsson 2007:272–273)

Ópersónulegri þolmynd er stundum lýst sem þolmynd sem hefur „ekkert frumlag sem persónubeygða sögnin getur lagað sig að“ (Jóhannes Gísli Jónsson 2005a:391). Ef slík lýsing er notuð bókstaflega til grundvallar á skilgreiningu er (8b) dæmi um ópersónulega þolmynd (sbr. Höskuld Þráinsson 1979) vegna þess að persónubeygð sögn getur ekki lagað sig að þágufallsfrumlagi. Við fylgjum Sigríði Sigurjónsdóttur og Maling (2001:127) í því að telja þolmynd með aukafallsfrumlagi ekki með ópersónulegri þolmynd.³ Í (8b) er *af*-

² Þá hefur einnig verið bent á að *af*-liðir í íslensku eru oft óeðlilegir með dauðum hlutum eða óhlutstæðum fyrirbærum eins og dæmi (i) frá Jóhannesi Gísla Jónssyni (2003:147) er til marks um.

(i) *Uppskerunni var bjargað af rigningunni.

³ Við notum svona skilgreiningu vegna þess að við teljum að hún passi vel við það

liðurinn eðlilegur og því er ljóst að persónubeygð sögn þarf ekki að laga sig að frumlagi til að *af*-liður sé tækur. Aftur á móti getur skipt máli hvort nafnliður, sem táknar þolanda/þema, færist í frumlagssæti eða ekki; þ.e. *af*-liðir ganga illa í svokallaðri leppþolmynd (slíkar setningar hefjast gjarna á leppnum *það*); sbr. t.d. Höskuld Þráinsson (2007:272–273), Þórhall Eypórsson (2008:179, 198) og Jóhannes Gísli Jónsson (2009:294–295).⁴

(9) a. Það var gripinn einhver nemandi (?*af kennaranum).

b. Það var hjálpað einhverjum nemanda (?*af kennaranum).

(Höskuldur Þráinsson 2007:272–273)

Meginumfjöllunarefni þessarar greinar er ópersónuleg þolmynd og í henni er hvorki frumlag í nefnifalli né rökliður sem færist (eða gæti færst) í frumlagssæti. Þegar við ræðum ópersónulega þolmynd teljum við þolmynd með aukafallsfrumlagi ekki með og ekki heldur þolmynd þar sem nafnliður stendur óhreyfður (leppþolmynd). Slík skilgreining á ópersónulegri þolmynd nær yfir þolmynd áhrifslausra sagna (10a) og þolmynd sagna sem taka með sér forsetningarlið (10b) (sjá Sigríði Sigurjónsdóttur og Maling 2001:127; sbr. einnig Halldór Ármann Sigurðsson 1989:308–310 og Jón Friðjónsson 1989:77–92; sjá Siewierska 1984:93–95 um mismunandi skilgreiningar á ópersónulegri þolmynd).

(10) a. Það var dansað.

b. Það var gengið á lagið.

Við höfum áhuga á því hvort og þá hvenær *af*-liðir eru tækir í ópersónulegri þolmynd. Vegna þess að *af*-liður táknar geranda skiptir máli að gerandi sé í einhverjum skilningi hluti af ópersónulegri þolmynd þó að hann sé ósagður. Mögulegt er að nota liði sem vísa til

sem íslenskir málfræðingar eiga yfirleitt við þegar þeir tala um ópersónulega þolmynd. Hún nær að minnsta kosti utan um þær setningagerðir sem yfirleitt eru nefndar ópersónuleg þolmynd í skrifum um íslenska setningafræði. Svo getur verið að síðar komi í ljós að einhver önnur skilgreining sé gagnlegri en við gerum ekki tilraun til að ganga lengra en aðrir að þessu leyti í greininni. Eitt atriði, sem mætti skoða í þessu sambandi, er leppþolmynd eins og í (9) þar sem *af*-liður er einnig oft talinn óeðlilegur. Ef sú staðreynd er tengd því hversu sjaldan *af*-liðir eru tækir í ópersónulegri þolmynd ætti hugsanlega að endurskipuleggja skilgreiningarnar þannig að leppþolmynd og ópersónuleg þolmynd séu í sama flokki. Frekari vangaveltur um slíkt verða þó að bíða betri tíma.

⁴ Dómarnir í (9) eru frá Höskuldi Þráinssyni og höfundar eru sammála þeim. Ritrýnir telur þó að þessi dæmi séu frekar vond burtséð frá því hvort þar er *af*-liður eða ekki þannig að einhver munur virðist á málhöfum að þessu leyti.

geranda, svo sem *viljandi, af ásettu ráði, til þess að fá botn í málið, af kappi*, í þolmyndarsetningum (sbr. t.d. Zaenen og Maling 1984:318, Halldór Ármann Sigurðsson 1989, Sigríði Sigurjónsdóttur og Maling 2001, Jóhannes Gísli Jónsson 2005a:391). Þetta á einnig við um ópersónulega þolmynd, sbr. (11), þrátt fyrir að *af-liðir* séu stundum óeðli-legir í slíkum setningum (sjá til samanburðar (13a) fyrir neðan sem inniheldur þolmynd af *tala um ásamt af-lið*).

(11) a. Það var talað um þetta **af ásettu ráði**.

b. Það var talað um þetta **til þess að fá botn í málið**.

(Jóhannes Gísli Jónsson 2005a:391)

Í (11) er hægt að nota feitletruðu forsetningarliðina sem standa í nánu sambandi við gerandann. Þá má í kjölfar ópersónulegra þolmyndarsetninga spyrja spurninga á borð við *Hver gerði það?* (sjá (12)).⁵

(12) a. Það var mikið talað um þetta.

b. Hverjir töluðu um það?

(Jóhannes Gísli Jónsson 2005a:391)

Í setningunni í (12a) er fullyrt að mikið hafi verið talað um eitthvað en þar er hægt að spyrja um gerandann, líkt og viðmælandinn gerir í (12b). Ef svona setningar eru vísbending um að gerandinn sé til staðar á svipaðan hátt og í hefðbundinni þolmynd þá er það athyglisvert að gerandi í *af-lið* þykir oft ekki góður í ópersónulegri þolmynd. Jóhannes Gísli Jónsson (2005a:391, 2009:294) telur t.d. að *af-liðir* séu oft ótækir í ópersónulegri þolmynd og sýnir eftirfarandi dæmi.

(13) a. ?*Það var talað um þetta af mörgum. (Jóhannes Gísli Jónsson 2005a:391)

b. *Það var sungið af tveimur kórum.

(Jóhannes Gísli Jónsson 2009:294)

⁵ Ritrýnir bendir á að dæmi eins og í (12) eru ekki endilega ótvíræð vísbending um að gerandi sé til staðar í setningu á borð við (12a) enda er hægt að svara (ia) með (ib) án þess að gerandi sé í fyrri setningunni.

(i) a. Vextirnir hækkuðu í dag.

b. En hver hækkaði vextina?

Hér skiptir máli að í ópersónulegri þolmynd, eins og þeirri sem hér er til umræðu, er alltaf hægt að spyrja um gerandann en í öðrum tilvikum er stundum nóg að samhengið gefi til kynna að gerandi sé til staðar. Þegar því er ekki til að dreifa eins og í (iia) er óeðlilegt að spyrja um geranda í framhaldinu, sbr. (iib).

(ii) a. Yfirborð vatnsins hækkaði um nokkra sentimetra.

b. ??En hver hækkaði yfirborðið?

Svipaða dóma er að finna víðar í umfjöllun um ópersónulega þolmynd í íslensku. Höskuldur Þráinsson (2007:270) telur einnig að ópersónuleg þolmynd geti ekki tekið *af*-lið og sýnir dæmin í (14) þessu til stuðnings.

- (14) a. Það var dansað alla nóttina (*af fólkinu).
 b. Það var setið á gólfinu allt kvöldið (*af okkur).
 c. Það var ólmast um allt hús (*af krökkunum).
 d. Það var talað um bókina (*af öllum).

Maling (1987:7, n. 7) telur að *af*-liðir séu yfirleitt ótækir í ópersónulegri þolmynd og Halldór Ármann Sigurðsson (1989:322, n. 48) hefur svipaða sögu að segja þó að reyndar telji hann (15a) vera örlítið betra dæmi en (15b); sjá einnig Halldór Ármann Sigurðsson (2011:149).

- (15) a. Það var dansað (*? af öllu fólkinu í þorpinu).
 b. Það var lesið (*af öllum) á kvöldin.

(Halldór Ármann Sigurðsson 1989:322, n. 48)

Þeir málfræðingar, sem hér hefur verið vitnað til, taka missterkt til orða þó að meginniðurstaða þeirra sé augljóslega að *af*-liðir í ópersónulegri þolmynd séu ekki góðir. Stundum eru þeir einfaldlega taldir ótækir en annars staðar er talað um að þeir séu „yfirleitt“ ekki góðir. Einnig kemur fyrir að gerður sé greinarmunur á einstökum dæmum með því að merkja þau ýmist ?* eða *.

Umræðan hér að neðan mun sýna að sú mynd, sem birtist í þessari umfjöllun, er í besta falli einfaldari en raunveruleikinn. Þegar vel er að gáð má finna þó nokkur dæmi í náttúrulegum gögnum þar sem *af*-liðir eru notaðir með ópersónulegri þolmynd og eru greinilega eðlilegri en ætla mætti af ofangreindum heimildum að dæma. Enda er það ekki svo að allir sem hafa rætt um *af*-liði í ópersónulegri þolmynd séu á því að þeir séu (allt að því) ótækir. Þannig segja Hlíf Árnadóttir o.fl. (2011:72) t.a.m. að þótt þeim þyki *af*-liðir í ópersónulegri þolmynd (og afturbeygðri þolmynd) ekki sérlega góðir telji þau þá ekki ótæka (þau sýna einnig dæmi úr textum um *af*-liði í ópersónulegri þolmynd, sjá 2011:73, n. 11). Þá greinir Hlíf Árnadóttir (væntanl.) frá niðurstöðum úr viðtölum við 15 málhafa. Setningarnar í (16) voru bornar undir málhafa og meirihluti þeirra samþykkti þær (skáletruðu setningarnar voru notaðar sem inngangsetningar til þess að málhafar gætu betur áttað sig á samhenginu).

(16) a. *Jóni leið illa í vinnunni.*

Það var komið mjög ruddalega fram við hann af vinnu-
félögunum.

b. *Ég lenti í árekstri á bílastæðinu í gær.*

Það var bakkað á mig af einhverjum náunga sem kann
greinilega ekki að keyra.

Einungis tveir málhafar höfnuðu (16a) og hið sama er að segja um (16b). Niðurstöðurnar benda sterklega til að *af-liðir* í ópersónulegri þolmynd séu a.m.k. stundum tækir.

3 Notkun málheilda

Vandasamt getur verið að nota málheildir í rannsóknum þegar unnið er með mál sem eru ekki lengur töluð en auðveldara þegar unnið er með samtímamál því að þá geta málhafar, þar á meðal málfræðingar, lagt dóm á setningarnar. Þetta getur líka verið snúið þegar skoðuð eru afbrigði sem rannsakandinn telur ekki vera tæk í sínu máli. Sem dæmi um þetta má nefna boðhátt eintölu af sögninni *hjálpa*. Ýmis dæmi finnast á vefnum um það að fólk skrifi *hjálpaður* (t.d. *Hjálpaður mér upp*) í stað *hjálpaðu*. Þetta er ótækt í máli höfunda þessarar greinar og við efumst um að nokkrum þyki þetta eðlilegt mál, ekki einu sinni þeim sem hafa skrifað *hjálpaður*. Þetta mat okkar mótast að einhverju leyti af okkar eigin máltilfinningu og hún hlýtur að skipta máli í þessu sambandi. Hún kann þó að byrgja okkur sýn; ljóst er að þeir sem hafa íslensku að móðurmáli tala ekki allir eins og það gæti auðvitað átt við hér líka, a.m.k. við fyrstu sýn. Einnig skiptir máli að við höfum aldrei tekið eftir því í máli annarra að þeir segi *hjálpaður* en það á auðvitað við um fleira. Sú málnotkun sem er til skoðunar gæti þar að auki verið landshlutabundin og þá bundin við önnur málsvæði en það sem við tilheyrum. Höfundum þykir það ólíklegt en þegar rætt er um samtímamál er a.m.k. hægt að kanna málið með því að ráðfæra sig við lifandi málhafa.

Málið vandast þegar ætlunin er að fullyrða eitthvað um eldri málstig út frá dæmum sem eru tiltæk í málheildum. Dæmin sem við höfum fundið um *af-liði* í ópersónulegri þolmynd eru nægilega mörg til að útiloka að um tilviljun eða mistök sé að ræða en þó eru þau ekki endilega mikið fleiri en dæmin sem við höfum fundið um *hjálpaður*. Þó er sá munur á að *af-liðir* eru alltaf að minnsta kosti tvö orð, forsetningin

af og svo fallorðið sem stendur með henni. Það er ólíklegra að slíkt sé skrifað eða sagt fyrir mistök (t.d. vegna fljótfærni) en í dæminu um *hjálpaður* þar sem einn stafur skilur á milli boðhátтарins *hjálpaðu* og *hjálpaður*. Þegar við bætist að flest dæmanna um af-liði falla vel að máli okkar getum við með góði móti sagt að af-liðir séu oft tækir í ópersónulegri þolmynd þó að þeir séu það ekki alltaf.

Sú staðreynd að okkur (og e.t.v. flestum öðrum málhöfum) þykja dæmi á borð við (6) tæk er mikilvæg því að þar með erum við ekki eingöngu að tefla fram stökum dæmum gegn fullyrðingum um að af-liðir í ópersónulegri þolmynd séu ekki tækir. Máltilfinning okkar er til marks um að málkerfi getur leyft dæmi eins og (6) þótt (1) þyki síðra. Slíka vitneskju er erfitt að nálgast með því að skoða eingöngu málheild, sérstaklega ef fjöldi dæma er af skornum skammti. Það er svo auðvitað mikilvægt að ná að skilja betur hvernig á því stendur að af-liðir eru stundum í lagi í ópersónulegri þolmynd og stundum ekki.

4 Dæmi úr náttúrulegum gögnum

Snúum okkur nú að því að skoða ýmis dæmi úr náttúrulegum gögnum um af-liði í ópersónulegri þolmynd. Í inngangi nefndum við dæmi frá Halldóri Kiljan Laxness úr *Brekkukotsannál*, sjá (6) endurtekið sem (17).


- (17) Mér hefur verið sagt að borgað hafi verið undir konuna
af mormónum [...] (bls. 8)

Bent var á það hér að ofan að þetta dæmi er athyglisvert vegna þess að það kemur fyrir í vönduðum texta og ólíkt ýmsum dæmum um af-liði í ópersónulegri þolmynd í setningafræðilegum skrifum samræmist þessi setning okkar máltilfinningu vel. Eitt dæmi segir auðvitað ekki mikið en það gefur tilefni til að kanna málið nánar. Sögulegi íslenski trjábankinn (Wallenberg o.fl. 2011), IcePaHC, er gagnlegur í þessu tilliti vegna þess að hann felur í sér allnákvæma setningafræðilega greiningu og til dæmis er greiningin nógu ítarleg til að hægt sé að finna af-liði í ópersónulegri þolmynd með einfaldri fyrirspurn.⁶ Eins og við er að búast eru dæmin fá en þó ekki sárafá og þau eru frá ýmsum tímum. Við munum nú sýna valin dæmi úr trjábankanum.

⁶ Sjá einnig Hlíf Árnadóttur o.fl. (2011:73, n. 40) sem sýna dæmi úr IcePaHC um af-liði í ópersónulegri þolmynd.

Elsta dæmið, sem við höfum fundið um *af-lið* í ópersónulegri þolmynd, er frá 13. öld úr Þorláks sögu helga, sjá (18). *Yfirboði* merkir hér ‘yfirboðari’ og táknað geranda.

- (18) En guðs kristni hefir lengi eflst og magnast og vaxið vandi lærðra manna fyrir boðorða sakir af því að þá var eigi um það mjög vandað **af yfirboðum** þótt prestar fengi ekkna en nú er það yfirboðið. (Bls. 121)



Mynd 1: Dæmi (18) í A-handriti Þorláks sögu.⁷

Næst sýnum við dæmi frá 14. öld, úr Árna sögu biskups.

- (19) Hann skipaði og í þeim sjúknaði sem þær áttu börn að fæða að þær skyldu vitja skrifta, husla og ólea ef þær væru banvænar þegar þær væru í sætt við heilaga kirkju en áður var þvert í móti þessu **af biskupum** boðið. (Bls. 779)

Nokkur dæmi er að finna í *Reisubók séra Ólafs Egilssonar* frá 17. öld. Þetta er raunar eini textinn í sögulega íslenska trjábankanum þar sem *af-liður* með ópersónulegri þolmynd kemur fyrir oftast en einu sinni (við sýnum hér þrjú dæmi af fjórum sem við höfum fundið í textanum).⁸ Hér ber að athuga að í flestum tilvikum er aðeins hluti hvers texta hafður með í trjábankanum þannig að ekki er hægt að nota trjábankann til að telja hversu oft tiltekin formgerð kemur fyrir í textanum í heild sinni.

- (20) a. [...] og svo var þá til getið **af flestum útlenskum**, að þeir Íslenzku mundu ei lengi við standa, ef nokkuð bæri til. (Bls. 54)

⁷ Myndin er ekki hluti af trjábankanum en þegar dæmi finnst er auðvelt að fletta því upp í frumheimildinni.

⁸ Blaðsíðutöl fylgja útgáfu Sverris Kristjánssonar (1969).

- b. Um það, hverninn höndlað var við fólkið **af illum mönnum**, sem fangað var og í múrhúsið inn látið, útrekið og á skip haft. (Bls. 60)
- c. [...] og ekki er þar annað drukkið en volgt mýrarvatn, sem víða er inntekið í húsunum, og ekki öðruvísi en á gólfinu legið **af vel flestum** dýnulaust, en vænir felldir yfir og undir, þó eg hafi lítið af þeim að segja. (Bls. 76–77)

Í (21) getur að líta dæmi um *af*-lið í ópersónulegri þolmynd úr öðrum 17. aldar texta, *Píslarsögu séra Jóns Magnússonar*.

- (21) [...] hvað áður lá í hylmingu á meðan minn kvalatími yfirstóð sem vorkunn er allhægt fyrir að bera meðan búið er að þessa lands lagarétti, slíkum og þvílíkum sem nú er **af velflestum** uppáhaldið [...] (Bls. 78)

Sambærilegir *af*-liðir koma einnig fyrir í 18. aldar textum í trjábankanum. Dæmi (22) er úr *Vidalínspostillu* (Jón Þorkelsson Vídalín 1718–1720)⁹ og dæmi (23) úr *Biskupasögum Jóns prófasts Halldórssonar í Hítardal*.

- (22) [...] og má eg meðkenna að þar verður ekki umtalað **af mér** á nokkurn veg svo sem vert er og ekki af nokkurri syndugri tungu. (Bls. 555)
- (23) Er því hlaupið til **af mörgum** og forvitnast, hvað í efnun sé. (Bls. 100)

Svona liðir eru sjaldgæfir í yngri textum trjábankans en þó fannst (24) í *Ofsa* Einars Kárasonar.

- (24) Sem yður var ljóst áður en ég lagði upp í ferð mína hingað þá er Gissur Þorvaldsson, í fjarveru Þórðar Sighvatssonar kakala, sá maður sem mest er horft til **af hérlandsmönnum** sem höfðingja og valdsmanns, og á það jafnt við um vini hans og óvini. (Bls. 60)

Dæmið er reyndar óvenjulegt í sögulegu tilliti vegna þess að þessi saga er fornsaga sem rituð er í nútímanum.¹⁰ Engu að síður má telja

⁹ Blaðsíðutal miðast við útgáfu Gunnars Kristjánssonar og Marðar Árnasonar frá 1995.

¹⁰ Það er þó ekki öruggt að um sé að ræða *af*-lið sem vísar til geranda í (24) en forsetningarliðurinn gæti verið hluti nafnliðar, þ.e. *sá maður af hérlandsmönnum sem mest er horft til* (sem sagt sá maður á Íslandi sem mest er horft til). Hér skrifar Heinrekur Hólabiskup Noregskonungi bréf og lýsir aðstæðum á Íslandi. Dæmið má hæglega skilja þannig að vinir Gissurar jafnt sem óvinir séu hérlandsmenn sem

frekar ólíklegt að þennan *af-lið* megi rekja til þess að höfundur sé að reyna að fyra mál sitt enda hefur þessi setningagerð ekki augljóslega neinn fornlegan blæ yfir sér. Hún er einfaldlega sjaldgæf á öllum tímum íslenskrar málsögu.

Í sögulega íslenska trjábankanum er u.þ.b. milljón lesmálsorða og eins og hér hefur verið rætt fundust þar nokkur dæmi um *af-liði* í ópersónulegri þolmynd. Þó að dæmin séu ekki mörg finnst okkur ekki trúlegt að þau endurspegli mistök höfunda sinna. Þau benda frekar til þess að formgerðin sé möguleg þó að hún komi sjaldan fyrir. Fæð dæmanna er einnig til marks um mikilvægi þess að hafa yfir fullkomnum málheildum að ráða. Með því að nota sögulega íslenska trjábankann er hægt að sækja öll dæmi, sem skipta máli, fyrirvaralaust með einfaldri fyrirspurn. Slíkt er talsvert fýsilegri aðferð en að lesa handvirkt í gegnum eina milljón orða og reyna að taka eftir þeim fáu dæmum sem skipta máli.

Málheildir eru gagnlegri eftir því sem þær innihalda fullkomnari greiningu og eftir því sem þær eru stærri. Að sumu leyti getur stærð bætt upp fyrir það þegar greiningu vantar og veraldarvefurinn er dæmi um gríðarstóra málheild sem er ógreind. Einföld textaleit er ekki hentugasta verkfærið til að leita að mynstri eins og *af-lið* í ópersónulegri þolmynd en okkur tókst þó að finna ýmis dæmi, til dæmis með því að leggja áherslu á ópersónulega þolmynd fastra orðasambanda þar sem sögn tekur með sér forsetningarlið. Með því að leita að strengnum „undir bagga af“ má finna dæmi um orðasambandið *að hlaupa undir bagga* þar sem gerandi kemur fram sem *af-liður*. Google-leitarvélin var notuð í þennan hluta athugunarinnar. Fyrstu dæmin eru úr þingræðum af vef Alþingis. Þessi dæmi passa ágætlega við þá hugmynd, sem nefnd var hér að ofan, að *af-liðir* í íslensku séu oft eðlilegri ef gerandinn er fyrirtæki, stofnun eða eitthvað álíka frekar en manna.

- (25) Þar er hlaupið undir bagga af löggjafarvaldinu og fjárveitingarvaldinu og boðið fram fé til þess að búa í hagin fyrir þá útkomu, sem kann að fást [...]

(Magnús Jónsson á Alþingi, 12.04.1943;
http://www.althingi.is/alttext/61/r_txt/1001.txt)

horfi til hans sem höfðingja og valdsmanns. Hvort sögulegi íslenski trjábankinn, IcePaHC, hefur að geyma nútímamálsdæmi um *af-lið* í ópersónulegri þolmynd eða ekki skiptir ekki höfuðmáli; við höfum bent á að slík dæmi fyrirfinnast í málinu, einnig nútímamáli, og við teljum slík dæmi tæk.

- (26) Eftir að lögin höfðu verið samþ., var tekið til óspilltra málanna **af hinu nýja ráði** – ekki fyrst og fremst við að semja áætlunina, heldur við að [...]

(Skúli Guðmundsson á Alþingi, 21.10.1948; <http://www.althingi.is/altext/raeda/?lthing=68&rn=2889>)

- (27) Það hefur svo sem verið maldað í móinn **af þessum peningastofnunum**.

(Einar Olgeirsson á Alþingi, 11.12.1953; <http://www.althingi.is/altext/raeda/?lthing=73&rn=1510>)

Eitt dæmi fannst á vefsíðunni *timarit.is* en það er úr grein í *Breiðabliki* frá árinu 1909:

- (28) Auðsætt er að hér er gengið á lagið **af ágjörnum mönnum**.

(*Breiðablik* 1909, 3. árg. 10. tbl. bls. 48)

Hér fyrir neðan eru svo tvö nýleg dæmi af vefnum.

- (29) [...] ef ekki verður tekið í taumana **af sveitarfélagi og heilbrigðiseftirliti**.

(<http://www.bb.is/pages/79?NewsID=108236>)

- (30) Þann 23. janúar var flogið með Khaled til Afganistans **af fulltrúum CIA** [...]

(<http://www.dv.is/frettir/2016/7/4/cia-helt-thyskum-rikisborgara-i-leyrifangelsi-vissu-samt-ad-hann-vaerisaklaus/>)

Þessi dæmi eru til marks um það að af-liðir í ópersónulegri þolmynd komi sannarlega fyrir í nútímamáli. Þó að mörg dæmanna hér að ofan séu frá fyrri kynslóðum eða öldum þá er ekki ástæða til að ætla að þessi formgerð sé á einhvern hátt einkenni formáls. Trúlegra er að hún sé í raun sjaldgæf en þó möguleg á öllum tímabilum íslenskrar málsögu.

Ef tiltekin setningafræðileg formgerð er stundum möguleg þrátt fyrir að hún sé e.t.v. yfirleitt ekki mjög eðlileg er ástæða til að velta því fyrir sér hvort einhverjir aðrir þættir hafa áhrif á það við hvaða ástæður viðkomandi mynstur kemur fram. Næsti kafli fjallar um krafta sem verkað geta á setningafræðilega liði og stuðlað að frestun þeirra.

5 Upplýsingaformgerð, þungir liðir og frestun

Tilhneiging er til þess að setningarliðir, sem fela í sér nýjar upplýsingar (e. *new information*) og/eða eru þungir, þ.e. langir, komi síðar í setningunni en liðir sem vísa í gamlar upplýsingar (e. *old/given information*) og/eða eru léttir.¹¹ Höskuldur Þráinsson (2005:506) hefur fjallað um það að í máli eins og íslensku getur komið upp togstreita milli þess að nota sjálfgefna orðaröð, t.d. frumlag-sögn-andlag, og tilhneigingarinnar til að bera gamlar upplýsingar fram á undan nýjum. Eins og Höskuldur bendir á er stundum hægt að „þjóna tveim herrum“ með því að velja þolmynd frekar en germynd þegar slíkt fellur betur að uppröðun gamalla og nýrra upplýsinga. Þessi valkostur kemur til af því að setningar eins og þær í (31) merkja nokkurn veginn það sama þrátt fyrir að línulegri röð geranda og þolanda sé víxlað í þolmynd.¹²

(31) a. María lamdi strákinn.

b. Strákurinn var laminn af Maríu.

Tilhneiging nýrra upplýsinga til að vera hægra megin í setningu kemur einnig fram í ýmsum undantekningum frá hömlu ákveðins nafnliðar (Milsark 1977, Jóhannes Gísli Jónsson 2000, Ingunn Hreinberg Indriðadóttir 2014). Þessi hamla bannar það að ákveðnir nafnliðir séu síðfrumlög í það-setningum en stundum er í lagi að brjóta gegn þessu lögmáli eins og sjá má í (32) (sbr. Jóhannes Gísli Jónsson 2005b:457).

(32) a. Það bilaði bíllinn.

b. Það er stíflaður vaskurinn.

c. Það fellur niður fyrsti tíminn.

d. Það er óhrein skyrtan mín.

Svona undantekningar frá ákveðnihömlunni krefjast þess að síðfrumlagið feli í sér nýjar upplýsingar. Jóhannes Gísli Jónsson (2005b:457) sýnir þetta með dæmunum í (33) og (34).

¹¹ Þegar við tölum um nýjar upplýsingar höfum við í huga liði sem vísa í einstaklinga eða fyrirbæri sem hafa ekki verið nefnd áður í samhenginu (eða einstaklinga/fyrirbæri sem samhengið gefur ekki augljóslega í skyn að séu til umræðu). Við fjöllum ekki nákvæmlega um hvað felst í nýjum og gömlum upplýsingum en eins og Prince (1981) rekur hafa hugmyndir manna um þetta verið margvíslegar. Ýmislegt hefur verið ritað um frestun þungra liða. Í því sambandi er stundum vísað í Wasow (1997) og Stallings o.fl. (1998); sjá einnig heimildir sem þar er vitnað til.

¹² Athugun Seoane (2012) á þolmynd í ensku leiddi í ljós skýra tilhneingingu til þess að frumlagið í þolmynd innihéldi gamlar upplýsingar og að *af*-liðurinn táknaði nýjar upplýsingar. Sambærileg rannsókn fyrir íslensku væri gagnleg.

(33) A: Af hverju komstu ekki á bílnum?

- B: a. ??Nú, það bilaði bíllinn.
b. Nú, bíllinn bilaði.

(34) A: Hvað gerðist eiginlega?

- B: a. Það bilaði bíllinn.
b. Bíllinn bilaði.

Dæmin eru vísbending um það að frestun ákveðins nafnliðar krefjist þess að nafnliðurinn verði að standa fyrir nýjar upplýsingar. Ákveðni greinirinn er þá alltaf veikur greinir í skilningi Schwarz (2009) í dæmum eins og (32); ákveðnin byggist á því að tilvísun nafnliðarins er einstök í því samhengi sem er til umræðu frekar en að hann vísi til baka í eitthvað sem hefur verið nefnt áður; sjá einnig Anton Karl Ingason (2016) um veikan og sterkan greini í íslensku.

Tilhneiging nýrra upplýsinga til að koma til hægri er mikilvæg fyrir *af-liði* vegna þess að þeir eru setningafræðilegt verkfæri til að láta gerandann koma fram seint í setningunni. Þess vegna er býsna eðlilegt að nota *af-lið* til að kynna til sögunnar þjálfarann Alfreð Gíslason í (35a) og við slíkar aðstæður er þolmyndin að okkar mati eðlilegri valkostur en germyndin í (35b).¹³

- (35) a. Liðið hefur unnið allt sem hægt er að vinna en það er þjálfað af Alfreð Gíslasyni.
b. ??Liðið hefur unnið allt sem hægt er að vinna en Alfreð Gíslason þjálfar það.

Að okkar mati gilda svipaðar tilhneigingar um *af-liði* í ópersónulegri þolmynd. Líkt og ákveðið síðfrumlag er ekki hentugt til að gera grein fyrir gömlum upplýsingum í (33a) þá er *af-liðurinn* í (36a) ekki eðlilegt framhald af setningu þar sem Seðlabankinn hefur verið til umræðu.

(36) Hvað gerði Seðlabankinn þegar verðbólgan jókst?

- a. ??Nú, það var stigið á bremsurnar af Seðlabankanum.
b. Nú, Seðlabankinn steig á bremsurnar.

¹³ Ritrýnir bendir á að hér gæti skipt máli að í (35b) er umræðuefnið, þ.e. *liðið*, frumlag í fyrri setningunni en andlag í þeirri síðari. Samkvæmt því ætti að vera munur á dæmunum í (35) og (i). Okkur finnst hugsanlegt að svo sé en sá munur er þó ekki afgerandi að okkar mati.

(i) a. Íþróttafréttamenn dásömuðu árangur liðsins á árinu en það er þjálfað af Alfreð Gíslasyni.
b. ??Íþróttafréttamenn dásömuðu árangur liðsins á árinu en Alfreð Gíslason þjálfar það.

Samspil upplýsingagildis, þyngdar og *af-liða* er býsna flókið og við getum ekki gefið út afdráttarlausar reglur um það við hvaða aðstæður *af-liður* verður tækur í ópersónulegri þolmynd þó að hann sé það kannski yfirleitt ekki. Nýir og/eða þungir liðir eru þó líklegri en aðrir liðir til að birtast aftarlega í setningunni og gerendur í *af-lið* endurspeгла það. Þau dæmi um *af-liði* í ópersónulegri þolmynd, sem við höfum rekist á í málheildum og á vefnum, samræmast þessari hugmynd gjarna ágætlega. Ef við skoðum t.d. aftur dæmi (30) þá hefur ekki verið minnst á *CIA* í síðustu sjö setningum þar á undan og liðurinn *fulltrúar CIA* er ekki ofurléttur þótt hann sé reyndar ekki heldur ofurþungur. Tilbúin dæmi eins og (38a) falla líka vel að þeirri hugmynd að *af-liðir* í ópersónulegri þolmynd séu einkum tækir þegar almennur frestunarþrýstingur er á innihald liðarins en þar er gerandinn vísvitandi látinn vera ofurþungur liður með nýjum upplýsingum. Skýringar okkar duga þó ekki alltaf til enda má finna dæmi eins og (22) úr *Víðalínspostillu* (Jón Þorkelsson Víðalín 1718–1720); endurtekið sem (41). Hér er gerandinn létt fornafn sem felur í sér gamlar upplýsingar.

- (41) [...] og má eg meðkenna að þar verður ekki umtalað **af mér** á nokkurn veg svo sem vert er og ekki af nokkurri syndugri tungu. (Bl. 555)

Okkur er ekki ljóst hvers vegna *af mér* birtist í *af-lið* í ópersónulegu þolmyndinni í (41). Hér er þó mikilvægt að benda á að þó að dæmi eins og (30) samræmist máltilfinningu okkar ágætlega þá myndum við aldrei segja eða skrifa setningu eins og (41). Við teljum því að dæmið sé óvenjulegt að einhverju öðru leyti. Hugsanlega hefur það eitthvað með aldur textans að gera eða annað eðli hans. Einnig er hugsanlegt að strengurinn *af nokkurri syndugri tungu* skipti hér máli. Í öllu falli er (41) ótæk setning í okkar máli. Hér ber að hafa í huga að hvert dæmi í málheild er aðeins vísbending um máltilfinningu höfundarins og því verður að nota málheildir með þeim fyrirvara að þær endurspeгла oft mörg málkerfi.

6 Niðurlag

Oft er litið svo á í íslenskri setningafræði að *af-liðir* séu frekar óeðlilegir eða jafnvel alveg ótækir í ópersónulegri þolmynd. Slíkir liðir eru svo sjaldgæfir að erfitt er að rannsaka þá í náttúrulegum gögnum nema

fullkomnar og/eða gríðarstórar málheildir séu tiltækar. Í þessari grein notuðum við sögulega íslenska trjábankann og vefleit til að sýna að vel er hægt að finna eðlileg dæmi um *af*-liði í ópersónulegri þolmynd. Við erum reyndar sammála flestum málhafadómum sem birst hafa í fræðilegum skrifum um þetta efni en við leiddum að því líkur að ef nafnliðurinn, sem táknar geranda í ópersónulegri þolmynd, er þungur liður og/eða felur í sér nýjar upplýsingar þá séu meiri líkur á því að hann geti komið fyrir í *af*-lið. Þessi hugmynd passar ágætlega við mörg dæmanna sem við fundum í náttúrulegum gögnum sem og sérsmíðuð dæmi um þessa eiginleika.

Heimildir

- Anton Karl Ingason. 2015. Rhythmic preferences in morphosyntactic variation and the theory of loser candidates. Í: Ralf Vogel og Ruben Vijver (ritstj.). *Rhythm in Cognition and Grammar: A Germanic Perspective*, bls. 235–253. Berlín: De Gruyter Mouton.
- Anton Karl Ingason. 2016. *Realizing morphemes in the Icelandic noun phrase*. Doktorsritgerð, University of Pennsylvania, Philadelphia.
- Áfarli, Tor. 1992. *The Syntax of Norwegian Passive Constructions*. Amsterdam: John Benjamins.
- Engdahl, Elisabet. 2006. Semantic and syntactic patterns in Swedish passives. Í: Benjamin Lyngfelt og Torgrim Solstad (ritstj.). *Demoting the Agent. Passive, Middle and Other Voice Phenomena*, bls. 21–45. Amsterdam: John Benjamins.
- Halldór Ármann Sigurðsson. 1989. *Verbal Syntax and Case in Icelandic*. In *A Comparative GB Approach*. Doktorsritgerð, Lundarháskóla, Lundi. [Endurprentuð 1992 hjá Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.]
- Halldór Ármann Sigurðsson. 2011. On the New Passive. *Syntax* 14.2:148–178.
- Hlíf Árnadóttir. Væntanl. Polanleg þolmynd. Hömlur á *af*-liðum og áhrifslausum sögnum í þolmynd. *Tilbrigði í íslenskri setningagerð III. Sérathuganir*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Hlíf Árnadóttir, Þórhallur Eypórsson og Einar Freyr Sigurðsson. 2011. The passive of reflexive verbs in Icelandic. *Nordlyd* 37:39–97.
- Hovdhaugen, Even. 1977. Om og omkring passiv i norsk. Í: Thorstein Fretheim (ritstj.). *Sentrale problemer i norsk syntaks*, bls. 15–46. Ósló: Universitetsforlaget.
- Höskuldur Þráinsson. 1979. *On Complementation in Icelandic*. New York: Garland.
- Höskuldur Þráinsson. 2005. *Setningar*. Íslensk tunga III. Handbók um setningafræði. Meðhöfundar: Eiríkur Rögnvaldsson, Jóhannes Gísli Jónsson, Sigríður Magnúsdóttir, Sigríður Sigurjónsdóttir og Þórunn Blöndal. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

- Höskuldur Þráinsson. 2007. *The Syntax of Icelandic*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Ingunn Hreinberg Indriðadóttir. 2014. *Er búin mjólkinn? Hamla ákveðins nafnliðar og tengsl hennar við nýju setningagerðina*. MA-ritgerð, Háskóla Íslands, Reykjavík. <http://hdl.handle.net/1946/17762>
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2000. Definites in Icelandic existentials. Í: Guðrún Þórhallsdóttir (ritstj.). *The Nordic Languages and Modern Linguistics* 10, bls. 125–134. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2003. Not so Quirky. Í: Ellen Brandner og Heike Zinsmeister (ritstj.). *New Perspectives on Case Theory*, bls. 127–163. Stanford: CSLI Publications.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005a. Merkingarhlutverk, rökliðir og fallmörkun. *Setningar*. Íslensk tunga III. Handbók um setningafræði, bls. 350–409. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2005b. Merkingarflokkar nafnliða og setningagerð. *Setningar*. Íslensk tunga III. Handbók um setningafræði, bls. 435–458. Ritstjóri og aðalhöfundur Höskuldur Þráinsson. Íslensk tunga III. Reykjavík: Almenna bókafélagið.
- Jóhannes Gísli Jónsson. 2009. The new impersonal as a true passive. Í: Artemis Alexiadou, Jorge Hankamer, Thomas McFadden, Justin Nuger og Florian Schäfer (ritstj.). *Advances in Comparative Germanic Syntax*, bls. 281–306. Amsterdam: John Benjamins.
- Jón Friðjónsson. 1989. *Samsettar myndir sagna*. Reykjavík: Málvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Maling, Joan. 1987. Existential Sentences in Swedish and Icelandic: Reference to Thematic Roles. *Working Papers in Scandinavian Syntax* 28.
- Maling, Joan, og Sigríður Sigurjónsdóttir. 2002. The 'new impersonal' construction in Icelandic. *The Journal of Comparative Germanic Linguistics* 5:97–142.
- Milsark, Gary. 1977. Toward an explanation of certain peculiarities of the existential construction in English. *Linguistic Analysis* 3:1–29.
- Perlmutter, David M. 1978. Impersonal Passives and the Unaccusative Hypothesis. *Proceedings of the Fourth Annual Meeting of the Berkeley Linguistics Society*, bls. 157–189. Berkeley: University of California.
- Prince, Ellen F. 1981. Toward a taxonomy of given-new information. Í: Peter Cole (ritstj.). *Radical Pragmatics*, bls. 223–255. New York: The Academic Press.
- Schäfer, Florian. 2012. The passive of reflexive verbs and its implications for theories of binding and case. *The Journal of Comparative Germanic Linguistics* 15:213–268.
- Schwarz, Florian. 2009. *Two types of definites in natural language*. Doktorsritgerð, University of Massachusetts, Amherst.

- Seoane, Elena. 2012. Givenness and Word Order. A Study of Long Passives from Early Modern English to Present-Day English. Í: Anneli Meurman-Solin, María José López-Couso og Bettelou Los (ritstj.). *Information Structure and Syntactic Change in the History of English*, bls. 139–163. Oxford: Oxford University Press.
- Siewierska, Anna. 1984. *The Passive. A Comparative Linguistic Analysis*. London: Croom Helm.
- Sigríður Sigurjónsdóttir og Joan Maling. 2001. Það var hrint mér á leiðinni í skólann: Þolmynd eða ekki þolmynd. *Íslenskt mál* 23:123–180.
- Stallings, Lynne M., Maryellen C. MacDonald og Padraig G. O’Seaghdha. 1998. Phrasal ordering constraints in sentence production: Phrase length and verb disposition in heavy NP-shift. *Journal of Memory and Language* 39.3:392–417.
- Wallenberg, Joel C., Anton Karl Ingason, Einar Freyr Sigurðsson og Eiríkur Rögnvaldsson. 2011. *Icelandic Parsed Historical Corpus (IcePaHC)*. Version 0.9. http://www.linguist.is/icelandic_treebank
- Wasow, Thomas. 1997. Remarks on grammatical weight. *Language Variation and Change* 9.1:81–105.
- Zaenen, Annie og Joan Maling. 1984. Unaccusative, Passive and Quirky Case. Í: Mark Cobler, Susannah MacKaye og Michael T. Wescoat (ritstj.). *Proceedings of the West Coast Conference on Formal Linguistics* 3, bls. 317–329. Stanford: The Stanford Linguistics Association.
- Þórhallur Eyþórsson. 2008. The New Passive in Icelandic really is a passive. Í: Þórhallur Eyþórsson (ritstj.). *Grammatical Change and Linguistic Theory. The Rosendal Papers*, bls. 173–219. Amsterdam: John Benjamins.

Textar

- Árna saga biskups = *Sturlunga saga*. 1988. Árna saga biskups, bls. 771–882. Örnólfur Thorsson (ritstj.). 2. bindi. Reykjavík: Svart á hvítu.
- Biskupasögur Jóns prófests Halldórssonar í Hítardal*. 1911–1915. Jón Þorkelsson, Hannes Þorsteinsson o.fl. (ritstj.). 2. bindi. Reykjavík.
- Einar Káráson. 2008. *Ofsi*. Reykjavík: JPV.
- Halldór Kiljan Laxness. 1957. *Brekkukotsannáll*. Reykjavík: Helgafell.
- Jón Þorkelsson Vídalín. 1718–1720 [1995]. *Vídalínspostilla. Hússpostilla eður einfaldar predikanir yfir öll hátíða- og sunnudagaguðspjöll árið um kring*. Gunnar Kristjánsson og Mörður Arnason (ritstj.). Reykjavík: Mál og menning. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Píslarsaga séra Jóns Magnússonar*. 2001. Matthías Viðar Sæmundsson (ritstj.). Reykjavík: Mál og menning.
- Reisubók séra Ólafs Egilssonar*. 1969. Sverrir Kristjánsson (ritstj.). Reykjavík: Almenna bókafélagið. [Byggt á útgáfu Jóns Þorkelssonar frá 1906–1909.]

Þorláks saga helga. 1989. Elsta gerð Þorláks sögu helga ásamt jarteinabók og efni úr yngri gerðum sögunnar. Ásdís Egilsdóttir (ritstj.). Reykjavík: Þorlákssjóður.

Lykilorð

ópersónuleg þolmynd, *af-liðir*, málheildir

Keywords

Impersonal Passives, 'by'-phrases, corpora

Abstract

This paper discusses the use of 'by'-phrases in Impersonal Passives in Icelandic. It has been claimed in the literature on Icelandic syntax that 'by'-phrases that express the agent are not very good or even ungrammatical in Impersonal Passives. The paper shows that this point of view oversimplifies the facts because various examples of this pattern can be found in natural data and these examples do not seem to reflect mistakes in linguistic performance. We discuss examples from the Icelandic treebank and from the web and we suggest that 'by'-phrases are more likely to be used in Impersonal Passives if they involve new information and/or if they are heavy. One of the conclusions of the article is that large and well annotated corpora are important for linguistic research that focuses on rare constructions.

Anton Karl Ingason
Íslensku- og menningardeild
Hugvísindasviði Háskóla Íslands
antoni@hi.is

Einar Freyr Sigurðsson
University of Pennsylvania
einarsig@ling.upenn.edu

